

## VÖKTUN FUGLALÍFS Í REYKJAVÍK SUMARIÐ 2019



Ólafur Arason  
Snorri Sigurðsson

Deild náttúru og garða,  
umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

## Almennt um vöktun á fuglalífi í Reykjavík

Í Reykjavík má finna mörg svæði sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla. Þar af eru sex svæði sem eru skilgreind sem eru mikilvæg á landsvísu og jafnvel alþjóðlega mikilvæg, samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands „Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi“ sem kom út árið 2016. Allt eru það svæði við hafið, sjófuglabýggðir eða strandbúsvæði. Svæðin sex eru Akurey, Andríðsey, Skerjafjörður, Grafarvogur-Elliðaárvogur, Blikastaðakró-Leiruvogur og Kjalarnes (einkum Hofsvík). Fleiri staðir nálægt hafi má telja til mikilvægra fuglasvæða þó þeirra sé ekki getið í skýrslunni t.d. Engey, Viðey, Lundey og Þerney, Geldinganes, Álfsnes og Kollafjörður.

Auk búsvæða við sjó má einnig telja vötn og ár innan borgarmarkanna, votlendissvæði og mólendi til mikilvægra búsvæða með hátt verndargildi. Mörg önnur svæði í borginni eru rík af fuglalífi, til að mynda svæði sem hafa að miklu leyti verið mótuð af mannum svo sem almenningsgarðar, einkagarðar, landbúnaðarsvæði og skógræktarsvæði, hafnarsvæði og önnur athafnasvæði. Fjölbreytileiki fuglalífsins er oft mikill í borgarumhverfinu því margar tegundir nýta sér þau tækifæri sem felast fyrir fæðuöflun og skjól í borginni allt árið um kring.

Í stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni sem var samþykkt árið 2016 í borgarstjórn, er eitt meginmarkmiðið að safna eigi upplýsingum um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík. Í aðgerðaáætlun með stefnunni sem var samþykkt árið 2017, er ein af lykilaðgerðum sem falla undir þetta markmið að regluleg vöktun eigi sér stað á lífríki borgarinnar og fuglasvæði tiltekin sérstaklega.

Vöktun á fuglasvæðum í Reykjavík hefur verið að mestu óregluleg með nokkrum undantekningum. Reykjavíkurtjörn og votlendið í Vatnsmýri sunnan Hringbrautar, sem í dag er friðland fyrir fugla, eru án efa þau fuglasvæði í borginni sem hafa verið mest vöktuð. Talningar á tegundum, fjölda verpandi andarkolla og fjölda andarunga, hafa átt sér stað nær árlega frá 1973. Nokkur ár vantar um miðjan níunda áratuginn en talningaserían hefur verið óbrotin frá upphafi tíunda áratugarins.

Árlega er einnig fylgst með fuglalífi á vatnsverndarsvæðum í Heiðmörk þ.m.t. við Elliðavatn og Myllulækjartjörn og gefur Orkuveita Reykjavíkur út skýrslu árlega. Í þeim er gott yfirlit yfir þá fugla sem sjást á svæðinu en ekki eru tölur um fjölda þeirra fyrir allar tegundir á hverju ári.

Fuglatalningar hafa farið fram óreglulega á ýmsum svæðum í borginni í tengslum við t.d. skipulagsáform, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda eða að beiðni borgarinnar sem hluti af stærri náttúrufarsathugunum, en engin önnur svæði hafa verið vöktuð formlega árlega. Þó ber þess að geta að mörg svæði í Reykjavík hafa verið heimsótt nær árlega í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands sem hófust árið 1952.

Sumarið 2018 var sett af stað markviss vöktunaráætlun fyrir valin svæði í Reykjavík, til viðbótar við þá vöktun sem er til staðar við Reykjavíkurtjörn og í Heiðmörk. Vöktunin fólst í talningum á öllum fuglum sem sáust. Þeirri talningu var haldið áfram á sömu svæðum sumarið 2019 með örfáum breytingum.

## Vöktun sumarið 2019

### **Vötn/vatnasvæði**

#### **Rauðavatn**

Hlýtt vor skapaði kjöraðstæður fyrir fuglalíf á Rauðavatni í maí og byrjun júní. Á undanförunum árum hefur flórigoði byrjað að nýta sér Rauðavatn aftur sem varpstað. Þegar mest lét sáust 18 Flórigoðar á vatninu um miðjan júní, og 5 sem voru byrjaðir að liggja á hreiðri. Lítil rigning fyrri hluta sumars gerði það að verkum að vatnshæð í vatninu lækkaði mikið (mynd 1), og flórigoðinn færði sig á milli staða. Þann 2. ágúst sáust 8 ungar flestir orðnir stálpaðir.

5 talningar fóru fram við vatnið yfir sumarið frá tímabilinu 17 maí til 11 júlí. Talning fer fram með því að labba hringinn í kringum vatnið og fuglar á vatninu og bökkum þess taldir með sjónauka. Skúfönd er algengasti andfuglinn á Rauðavatni, en aðrar andfuglategundir sem sáust voru grágæs, stökkönd, duggönd, álf, rauðhöfðaönd gargönd, og toppönd. Skúfönd, stökkönd, gargönd og toppönd sáust allar með unga.

Sílamáfar eru algengir á Rauðavatni en stórir hópar sitja og hvíla sig á steinarífi í Sandvík. Í talningunni 11 júlí sáust um 200 sílamáfar. Aðrir máffuglar sem sáust voru kríur og hettumáfur. Þeir vaðfuglar sem sáust voru, stelkur, lóupræll, sandlóa, hrossagaukur, og tildra. Spörfuglar eru algengir í nágrenni vatnsins einkum skógarpröstur, maríuerla og þúfutittlingur.



Mynd 1. Rauðavatn 2. ágúst. Vatnshæð orðinn mjög lág

#### **Ellidavatn**

Tvær talningar fóru fram við Elliðavatn, í maí og júní, í júlí var farið að vatninu en ekki fór fram nákvæm talning. Talningarstaðir voru þrír, við brúna, við engjarnar horft frá Elliðabænum, og í suðurátt frá Elliðabænum.

Skúföndur eru algengastar andfugla en álf, grágæs, stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd og toppönd sáust einnig. Himbrimi verpir við vatnið og sást til himbrimapars í maí. Urtönd og stökkönd sáust með unga. Flórigoðapar hefur gert hreiður í hrúgu af greinum sem komið var fyrir í vatninu í fyrra. Þar sást liggja þar á júní, en var farið í júlí og hefur varpið misheppnast líkt og í fyrra. Helstu vaðfuglategundir sem sáust voru stelkur, jaðrakan og óðinshani. Kría og hettumáfur eru algengustu máffuglar við vatnið. Ýmsir spörfuglar halda sig einnig nálægt vatninu.

## Reynisvatn

Farið var að vatninu í seinni hluta júlí og sáust einungis tvær kríur á öllu vatninu. Fuglalíf er fremur frábreytt við vatnið.

## Reykjavíkurtjörn og Vatnsmýrin

Tólf talningar fóru fram á Tjörninni og í Vatnsmýrinni á tímabilinu 13 maí til 6. ágúst. Gróður í hólmanum þar sem kríuvarpið er, var fjarlægður síðasta haust og malarbeð sett í staðinn. Gróður var lítill í varpinu lengst af en var þó víða farinn að vaxa í mölinni síðsumars (mynd 2). Framan af sumri var mjög mikið af kríu í Vatnsmýrinni. Í byrjun júlí fór kríunni að fækka mikið (tafla 3), örfáir ungar sáust en engir ungar komust á legg í Vatnsmýrinni. Mögulegt er að afrán hafi valdið skakkaföllum í varpinu. Fjöldi kría var einnig í Þorfinnshólma og komust nokkrir kríuungar á legg. Líklegt er að ungarnir séu fleiri en tölurnar gefa til kynna, en hæð gróðurs gerði það að verkum að erfitt var að sjá ungana.



Mynd 2. Vinstra megin: Hólminn í Vatnsmýri 25 júlí. Einnungis nokkrar kríur eftir í hólmanum  
Hægra megin: Vatnsmýrin. 28 júní. Gargönd með fimm unga



Samanborið við árið 2018 var varpárangur anda á Reykjavíkurtjörn og í Vatnsmýrinni mun betri. Fimm andartegundir sáust með unga. Stokkandarungar sáust strax í maí, en hinar tegundirnar komu með sína fyrstu unga í lok júní/byrjun júlí. Fjórir urtandarungar sáust einungis í einni talningu. Stökkönd sást ekki með unga í fyrra fyrr en 13 júní. Nokkuð var um afföll hjá stokkandarungum í ár, og þrátt fyrir að margar kollur hafi orpið voru flestir unghópar litlir, og fjöldi unga var svipaður og 2018.

Besti varpárangurinn var hjá skúfönd og voru unghóparnir bæði stærri og fleiri en 2018. Mest sáust 28 ungar í júlí.




Árið 2018 sáust einungis tveir duggandarungar en þeir voru 14 í ár um miðjan júlí, einungis einn gargandarunga hópur sást í fyrra með 3 ungum en nú í vor sáust mest 9 ungar.


Alls sáust 28 fuglategundir í talningum á Reykjavíkurtjörn og í Vatnsmýrinni (tafla 1) og þar á meðal voru 6 tegundir sem sáust í öllum talningum.

# Varpárangur í Reykjavíkurtjörn og í Vatnsmýrinni

Graf 1. Fjöldi Andarunga




Graf 2. Fjöldi kríuunga




# Fjöldi anda og kría í Reykjavíkurtjörn og í Vatnsmýrinni


Graf 3. Fjöldi fullorðinna andfugla



Graf 4. Fjöldi fullorðinna andfugla



Graf 5. Fjöldi Kría



Tafla 1. Tíðni fuglategunda í talningum.

Endur og vatnafuglar	Fjöldi talninga	Máf og sjófuglar	Fjöldi talninga
Stökkönd	12	Sílamáfur	12
Skúfönd	12	Hettumáfur	12
Duggönd	11	Kría	12
Toppönd	8	Silfurmáfur	1
Gargönd	9	Skarfur	1
Aliönd (svört)	6		
Rauðhöfðaönd	3	Spörfuglar	Fjöldi talninga
Urtönd	3	Starri	8
Flórgoði	3	Dúfa	6
Æðarfugl	3	Maríuerla	2
Óðinshani	1	Skógarþróstur	2
Aliönd (hvít)	1		
		Vaðfuglar	
Gæsir og Álftir		Sandlóa	7
Grágæs	12	Stelkur	7
Álft	1	Heiðlóa	2
Heiðargæs	1	Jaðrakan	1

### Elliðaárstífla

Þrjár talningar fóru fram við og fyrir ofan Elliðaárstíflu: 21 maí, 13 júní og 1 júlí. Stökkönd, skúfönd, álft og grágæs sáust í öllum talningum en aðrar tegundir voru: hettumáfur, sílamáfur, rauðhöfðaönd, toppönd, urtönd, gulönd, kría.

## Strandsvæði



### Grafarvogur

Grafarvogur – Elliðavogur er á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði þar sem fjöldi sendlinga nær yfir fjölda um alþjóðleg verndarviðmið á fartíma og gulönd yfir vetrartíman. Innri hluti Grafarvogs er óspillt leira. Á vor og haustin eru fargestir áberandi á leirunum en þeir nýta sér hið fjölbreytta fæði sem þar er að finna. Árið 2019 fóru fram fimm vortalningar á tímabilinu 9 maí til 6 júní, og fjórar hausttalningar frá tímabilinu 17 júlí til 12 ágúst. Fuglar voru taldir með sjónauka ýmist frá norður- eða suðurhlíð Grafarvogs.

Lóupræll, sanderla, rauðbrystingur og tildra eru þeir fargestir sem sjást á leirunum.

Lóupræll er íslenskur varpfugl en hingað kemur einnig grænlenstur varpstofn sem fargestir á leið sinni á vetrar og sumarstöðar. Lóuprælar sáust í öllum talningum, voru í kringum 100 fuglar í vortalningum, 17 júlí sáust 1250 lóuprælar (mynd 2).

Sanderla, rauðbrystingur og tildra voru algengar tegundir í vortalningunum en ekki í hausttalningum. Í hausttalningum voru heiðlóur, lóuprælar, sandlóur og tjaldar algengustu vaðfuglategundirnar. Alls sáust 24 tegundir á leirunum.





## Fossvogur

Í Fossvogi fóru fram 5 talningar á tímabilinu 15 maí til 6 ágúst. Tvær vortalningar, ein sumartalning og tvær hausttalningar. Gengið er frá Nauthólsvík að botni vogsins og fuglar taldir.

Æðarfugl er algengasti fuglinn í Fossvogi og sáust 79 ungar í sumartalningunni. Rauðbrystingur og tildir eru fargestir sem nýta svæðið og sáust í báðum vortalningum. Heiðlóan er mjög áberandi í hausttalningum en á haustin eru einnig margir tjaldar og æðarfuglar á haustin. Aðrar tegundir sem sáust í flestum talningum voru kría, sílamáfur, stelkur, maríuerla og starri sem sækir mikið í fjörunar í Fossvoginum. Alls sáust sautján tegundir sumarið 2019 í Fossvogi.

## Blikastaðakró

Blikastaðakró er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir margæsir. Tvær talningar fóru fram í Blikastaðakró ein vortalning 20 maí og ein sumar talning 17 júlí. Í vortalningunni sáust um 250 margæsir og 77 rauðbrystingar. Farið var á svæðið oft en aðstæður til talningar voru ekki góðar.

## Hofsvík á Kjalarnesi

Kjalarnes er eitt af sex alþjóðlega mikilvægum svæðum í Reykjavík. Fuglalífið í Hofsvík á Kjalarnesi var skoðað 14 maí, í tengslum við uppsetningu á fuglaskilti. Gengið var meðfram stöndinni frá Klébergi að Hofstanga. Keyrt að Borgarvík og fuglar sem sáust á túnum og á golfvelli skráðar. Labbað að Fýlabjörgum í Borgarvík og fuglategundir skráðar.

Eftirfarandi tegundir sáust í vettvangsferðinni á Kjalarnes.

Fýll, dílaskarfur, lundi, teista, rita, sílamáfur, silfur/hvítmáfur, hettumáfur, æðarfugl, súla (óstaðfest), heiðlóa, tjaldur, sandlóa, rauðbrystingur, tildra, hrossagaukur, spói, jaðrakan, stelkur, kría, álf, grágæs, margæs, stökkönd, þúfutittlingur, steindepill, skógarþröstur, hrafn, starri, maríuerla.



